


Hrafn Magnússon:

Greinin birtist í Morgunblaðinu 24. ágúst 2004.

Traust lífeyrissjóðakerfi.


Í hinu virta mánaðarriti Global Pensions birtist í síðasta mánuði afar fróðleg grein um íslenska lífeyriskerfið, sem bar heitið “A beacon in the dark”, sem mætti auðveldlega þýða sem “Ljós í myrkrinu”. Í greininni er farið mörgum viðurkenningarorðum um íslenska lífeyriskerfið, sem er sagt að þrífist vel vegna mikillar sjóðsmyndunar hjá lífeyrissjóðunum, hagstæðrar aldursdreifingar þjóðarinnar og góðrar þátttöku eldra fólks á vinnumarkaðinum. Vegna takmarkaðs rýmis í blaðinu gefst auðvitað enginn kostur að endursegja þessa ágætu grein í Global Pension en lokaorð greinarinnar eru á þá leið að íslenska lífeyriskerfið gæti orðið mörgum þjóðum öfundarefni.



Undanfarin misseri hafa verið íslenskum lífeyrissjóðunum afskaplega hagstætt eftir þrjú erfiðleikaár í röð á fjármagsmörkuðum. Þannig nam hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna í fyrra um 11,3% og er það mikill viðsnúningur frá fyrri árum, þegar sjóðirnir þurftu að búa við neikvæða raunávöxtun. Ýmsar ástæður eru fyrir góðum fjárfestingarárangri sjóðanna, en mest um vert er þó hækkun hlutabréfa á innlendum markaði, sem ekkert lát

virðist vera á. Þannig eru ýmiss teikn á lofti að raunávöxtun lífeyrissjóðanna á þessu ári eigi eftir að vera mjög góð og vel umfram meðaltal raunávöxtunar sjóðanna síðustu fimm og tíu ára. Í þeim efnum er þó best að spyrja að leikslokum.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu námu eignir lífeyrissjóðanna um 824 milljörðum króna um síðustu áramót og nam raunhækkun eignanna um 18,2% miðað við vísitölu neysliverðs. Er það mikill viðsnúningur frá síðustu þremur árum þegar raunvöxtur eigna sjóðanna nam aðeins um 4% á ári að meðaltali



Segja má að tveir merkir áfangar hafi náðst á síðasta ári. Í fyrsta lagi urðu lífeyrisgreiðslu lífeyrissjóðanna meiri en samsvarandi greiðslur hins opinbera almannatryggingakerfis og í öðru lagi þá námu eignir sjóðanna nokkuð hærri fjárhæðum en verg landsframleiðsla þjóðarinnar. Merktum áfangi verður einnig náð fyrri hluta næsta, þegar heildareignir lífeyrissjóðanna fara yfir 1.000 milljarða króna.

Hinn góði fjárfestingaárangur lífeyrissjóðanna í fyrra hefur haft í för með sér að tryggingafræðileg staða sjóðanna hefur batnað verulega frá því í fyrra. Þannig var enginn

lífeyrisjóður með halla yfir 10%, en þeir sjóðir sem eru með meiri halla en 10% samkvæmt árlegri tryggingafræðilegri úttekt þurfa að breyta samþykktum sínum til að jafnvægi náist. Sama á við, ef meiri en 5% munur er á milli eignaliða og lífeyris skuldbindinga samfellt í fimm ár. Slíku er hins vegar heldur ekki til að dreifa hjá sjóðnum í ár. Þrátt fyrir að verulegur bati sé á tryggingafræðilegu stöðu sjóðanna um síðustu áramót, eru hins vegar ekki líkur á að lífeyrissjóðirnir geti á næstu árum bætt lífeyrisréttindin umfram það sem nú er. Helstu ástæður eru þessar:

Ævilíkur Íslendinga hafa aukist til mikilla muna á síðustu áratugum. Þegar samið var um að koma á fót lífeyrissjóðum fyrir almennt verkafólk á samningssviði ASÍ á árinu 1969 voru lífeyrisskuldbindingar vegna ævilangs lífeyris miðaðar við allt aðrar lífslíkur. Þannig mátti búast við því að 65 ára gamall karl mundi lifa í 15 ár og 65 ára kona í tæp 18 ár. Nú eru hins vegar lífslíkur 65 ára karlmanns 17,5 ár og 65 ára konu tæplega 21 ár og allt bendir til þess að lífslíkur landsmanna muni aukast áfram á næstu áratugum. Þar sem lífeyrissjóðirnir ábyrgjast greiðslu ellilífeyris til æviloka, hafa auknar lífslíkur þjóðarinnar því mikið að segja, þegar lífeyrisskuldbindingar sjóðanna eru metnar.

Á undanförunum árum orðið veruleg aukning á umsóknum um örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðunum og reyndar einnig hjá Tryggingastofnun ríkisins.. Engin einföld leið er til að sporna við vaxandi umsóknarfjölda sjóðfélaga vegna örorkulífeyris. Leita þarf margra leiða til lausnar á vandamálinu, en í þeim efnum kemur helst til greina að stórefla starfsendurhæfingu í landinu. Hvað sem öðru líður þarf við tryggingafræðilegt mat á stöðu sjóðanna að taka tillit til breyttra aðstæðna vegna sífellt hækkandi örorkulífeyris.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er byggt á traustum grunni. Sjóðsöfnun, samtrygging og skylduáðild eru megin þættir kerfisins. Það var mikil gæfa fyrir þjóðina, þegar tókst að semja um almenna þátttöku verkafólks að lífeyrissjóðunum á vordögum 1969. Íslenska þjóðin getur seint þakkað þeim forystumönnum innan samtaka launþegarhreyfingarinnar og atvinnurekenda fyrir þá framsýni, sem þá var sýnd. Sumir hagfræðingar tala jafnvel um að stofnun almennu lífeyrissjóðanna hafi verið best heppnaða efnahagsaðgerð síðustu aldar. Ekki skal ég um það dæma, en ljóst er m.a. af fyrrnefndri grein í Global Pensions

að erlendar þjóðir öfunda okkur af traustu lífeyriskerfi og tala jafnvel um ljós í myrkrinu,
þegar íslenska lífeyrissjóðakerfið ber á góma.

Hrafn Magnússon
framkvæmdastjóri
Landssamtaka lífeyrissjóða